

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**

ÉG ER EKKI  
ALLRA. 

ÞAÐ GETUR VERIÐ ÞÍNU ERFITT AÐ BÍTA Í MIG



ÉG HENTA VEL Í ALLSKONAR

**BAKSTUR**

OG ER FRÁBÆR Í ÍSGERÐ



**ÞEIR SEM ELSKA MIG, ELSKA MIG**



VERUM ALVEG | ÉG KEM EKKI  
HREINSKILIN | Í STAÐINN FYRIR MAT

**VERUM ALVEG  
HREINSKILIN**

Ég kem ekki í staðinn fyrir mat. Ég er  
búinn til úr stökkum **karamellumöndlum**  
og umvafinn ljúffengu **mjólkursúkkulaði**.

Hugsaðu til mín næst þegar þú ert út í búð  
eða á bensínstöðinni OG ÞIG LANGAR Í  
EITTHVAÐ GÓMSÆTT.



- *brakandi gott!*

Kvikmyndin **Titanic** kostaði meira en skipið sjálft kostaði á sínum tíma.



### HALLDÓR MÁR

**Fyrstu sex:** 190271.  
**Besta tölvuuppfinningin:** Windows Phone 8.  
**Uppáhaldsmatur:** Nautasteik, bökud og benni (Zinger Tower daginn eftir).  
**Lag á heilanum þessa stundina:** Ho Hey með The Lumineers.

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR NEMA

Ert þú dúnrandi spennur fyrir listnámi við Listaháskóla Íslands? Skólinn stendur fyrir **opnum kynningardegi 8. febrúar** þar sem áhugasamir geta fengið forvitni sinni svarað um allt sem viðkemur námsbrautum á BA- og MA-stigi skólans. Líttu við og spurðu kennara og nemendur spjörum úr.



#### FYRIR BROSILDA

Veitingastaðurinn Lemon verður opnaður í mars en þessi staður sem ætlar sér að verða skemmtilegasti heilsugarlandsins leitar nú að brosmildu og hressu fólki á aldrinum 18-35. Fólk sem er ákveðið, sýnir frumkvæði, hefur útgeislun, vinnur sjálfstætt og er tilbúið að taka þátt í Lemon-ævintýrinu er hvatt til að senda póst á brostu@lemon.is



#### FYRIR BRASÍLÍUELSKENDUR

Ef þú hefur mikið dálæti á Brasilíu þá ættir þú að láta sjá þig á Classic Rock, Ármúla 5, næstkomandi laugardag klukkan 20:00 því þar fer fram alvöru brasilísk kjötkeðjuhátið. Hið nýstofnaða Brasilíufélag á Íslandi stendur á bak við hátíðina en á henni verður boðið upp á brasilískan mat og drykki, lifandi tónlist með valinkunnum tónlistarmönnum og dansatriðum. Dansarar frá hinum ýmsum suðrænum dansfélögum sýna listir sínar í stílum á borð við salsa, samba og capoeira. Plötusnúður þeytir síðan skífum fram á nótt. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.



# Næsta stóra „hittið“?

Tölvuhakkarar landsins munu sameinast um helgina þegar svokallað „Hackathon“ fer fram í Háskóla Reykjavíkur og Hörpu. Halldór Már Sæmundsson hjá GreenQloud er einn af aðstandendum keppinnar og veit því meira um málið.

„Hackathon er fyrirbæri sem hefur verið að hasla sér völl um allan heim á síðustu árum,“ segir Halldór Már Sæmundsson hjá GreenQloud en fyrirtækið mun ásamt tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, Vodafone, Domino's og Hugsmiðjunni standa fyrir maraþoni í hakki, „hackathon“. Keppnin er partur af UT-messunni sem fer fram um helgina en tilgangur hennar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrifum hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. „Það sem allt gengur út á er að fá nýjar og ferskar hugmyndir og og forrita fyrstu útgáfu af lausninni, innan tímamarka hackathonsins,“ segir Halldór.

aðra en starfsmenn og eru þá fyrst og fremst að leita eftir hæfileikaríkum starfsmönnum. Fjöldi annarra fyrirtækja um allan heim notar þess aðferð til að prófa og prófa hugmyndir ásamt því að finna næstu kynslóð af starfsmönnum,“ segir Halldór og bætir við að algengt sé að í liðum sem keppa séu einnig grafískir hönnuðir, verkefnastjórnar og viðmótshönnuðir ásamt forriturum.

#### Næsta stóra „hit“ í tölvuheiminum?

Háskólinn í Reykjavík leggur til aðstoðuna og þátttakendur fá aðgengi að tölvuskýi GreenQloud. „Keppnin hefst fimmtudagskvöldið 7. febrúar og verður hakað alla nóttina og fram til hádegis laugardaginn 9. febrúar,“ segir Halldór en þá kynna liðin hugmyndir sínar og lausnir í Hörpu og í framhaldinu verða sigurvegarar verðlaunaðir. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en í fyrstu verðlaun eru 150.000 króna gjafabréf frá Vodafone og í önnur verðlaun eru 75.000 króna gjafabréf frá Vodafone. „Dominos sér svo um að keppendur fái nóg að borða allan tímann og orkudrykkir, kaffi og annað sem til þarf verður til staðar fyrir keppnislíðin,“ segir Halldór. „Við skorum á fólk að gera eitthvað meiriháttar skemmtilegt, fá hugmynd sem gæti orðið næsta stóra „hit“ í tölvuheiminum og um leið hitta fyrirtæki sem eru að leita að akkúrat þér í vinnu,“ bætir hann við. Hægt er að skrá sig til leiks með því að finna „hackathon 2013“ á Facebook og þar er að finna tengil á skráningarsíðuna.

#### Reglulegar keppnir hjá Facebook

Mikill fjöldi af frábærum hugmyndum hefur orðið til í hackathon-keppnum og margar hafa orðið að sjálfstæðum fyrirtækjum. Enn fleiri dæmi eru um að hæfileikarík keppendur hafa fengið spennandi störf í kjölfarið á þátttöku. „Facebook hefur haldið hackathon-keppnir meðal starfsmanna sinna með reglulegu millibili. Tilgangurinn er að fá nýjar hugmyndir og vaða í að framkvæma þær án þess að vera með áætlanir og tilheyrandi verkferla. Þessi aðferð hjá Facebook hefur leitt til óteljandi nýjunga sem við flest hver notum daglega,“ segir Halldór en dæmi um slíkar nýjungar eru spjallið, tímalínan (e. timeline) sem leysti vegginn af hólmi, kosturinn að hlaða myndböndum inn á facebook-síður, möguleikinn á að „tagga“ fólk á myndum og í kommentum og facebook-app fyrir þá sem ekki eiga snjallsíma. „Facebook heldur einnig hackathon fyrir

## Efst í huga Monitor

# Súperman-stæll

Mamma hefur stundum sagt mér söguna af því þegar ég var lítill og fór með henni í Fjarðar-kaup til að kaupa svona þessar helstu vörur fyrir heimilið. Á einhverjum tímupunkti fór ég að suða í henni af því að mig langaði svo ofboðslega mikið í eitthvert kex sem var til sölu í búðinni en mamma vildi ekki leyfa mér að fá. Þá brá ég á það ráð að henda mér í gólfíð, sparka, grenja og láta öllum illum látum í von um að mamma myndi gefa eftir í baráttunni um kexið. En hún var aldeilis ekki á þeim buxunum heldur skildi hún við innkaupakörfuna, tók mig upp úr gólfinu og skundaði heim á leið. Ég fékk svo ekki að fara í búðina með henni næstu misserin. Gott hjá mömmu að ala ekki upp í mér of mikla frekju og leiðindi.



kaupa hann núna. Hún var samt sem áður fremur ljúf og sagði að þau myndu kannski kaupa hann seinna. En drengurinn vildi ekki láta plata sig neitt, hann hefur sjálfsagt séð í gegnum „seinna-trixið“ og því skutlaði hann sér í gólfíð og sagðist ekki fara heim fyrr en búningurinn yrði hans. Móðir hans var þó sterk, kláraði innkaupin og tók svo þakkinn með sér heim án búningsins.

Mæðurnar breyttu svo sannarlega rétt í báðum tilfellum. Frekur piltur á ekki skilið að fá kex, hann fengi kartöflu í skóinn ef Jóli fengi að ráða. Eins á grenjandi strákur í gólfíð ekki skilið að klæðast búningi Ofurmennisins því að meistari Clark Kent er töluvert harðari en svo. Hefði strákurinn náð í búnt af túlípönum, farið svo til móður sinnar og sagt: „Mamma, þú átt skilið að fá svona falleg blóm, rétt eins og ég á skilið að fá að vera Superman á öskudaginn,“ þá hefði ég svo sannarlega haldið með stráknum. Mín skilaboð til ungdomsins sem er í búningahugleiðingum fyrir öskudaginn eru því þessi: „Ekkert væl, „do it Superman-style“.“

jrr

Þessi saga gerði vart við sig í hausnum á mér um daginn þegar ég var að kaupa í matinn í Hagkaupum. Þá fylgdist ég, með öðru auganu, með baráttu sonar og móður en í þetta sinn var barist um Superman-búning. Hann sagðist verða að fá búninginn því það væri svo stutt í öskudaginn en móðirin sagðist ekki ætla að

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## FEITAST I BLAÐINU

**4 Sigurbjörn Ari** og Teitur eru í aðalhlutverkum í nýjum söng-leik Verzló.



**6 Systemar Irena** og **Karin Sveinsdóttir** hleyptu Stíl-Lísu í fataskáp-ana sína.



**8 Unnur Eggertsdóttir** kom, sá og lenti í öðru sæti um síðustu helgi.



**12 Scott Storch** getur þakkað móður sinni fyrir að kunna eitt og annað á píanó.



## Vikan á facebook



**Margrét Gauja Magnúsdóttir** var kjörin stjórnarformaður SORPU bs í morgun.

Er eina konan í stjórn og fæ því titilinn „The Queen of Trash“ með rentu. 4. febrúar kl. 11:05



**Valdimar Svavarsson** Held ég sé að losna við Mar-íð eftir íþróttameiðslin í síðustu viku. Spurnig hvort ég heiti bara Valdi eftir að það fer. 4. febrúar kl. 10:01



**Albert Ingason** Djöfull væri ég til í að vera nærbuxurnar hennar beyonce knowles. ! 4. febrúar kl. 01:13



**Unnur Eggertsdóttir** Ég er ORD-LAUS! Þvílík óendanleg snilld. Takk allir fyrir allt; atkvæðin, skilaboðin, stuðninginn og hlýju straumana. Besta kvöld ever, staðfest. Ég syng fyrir ykkur öll. (Djók) 3. febrúar kl. 12:22

# Ekki fíflagangs-samkynhneigð

Þeir **Sigurbjörn Ari Sigurbjörnsson** og **Teitur Gissurason** fara með hlutverk elskenda í söngleik Verzlunarskólans, *VÍ Will Rock You*, sem frumsýndur er í kvöld.



## TEITUR

Fyrstu sex: 100996.

Uppáhalds Queen-lag: Good Old Fashioned Lover Boy.

Fyrirmynd í lífinu: Jón Jónsson.

Lag á heilanum þessa stundina: I Will Wait með Mumford and Sons.

## SIGURBJÖRN ARI

Fyrstu sex: 020294.

Uppáhalds Queen-lag: Flash.

Fyrirmynd í lífinu: Jón Jónsson.

Lag á heilanum þessa stundina:

One Day með Asaf Avidan.

**Kyningarmyndbandið fyrir söngleikinn hefur verið talsvert í umræðunni. Hvers vegna?**

➤ Aðallega vegna þess að einhverjir vildu meina að þarna væru mjög svæsín atriði, en í raun er myndbandið eins og bílasenan í Titanic. Ef það ætti að dæma Titanic út frá henni þá fengi maður mjög ranga mynd af kvikmyndinni í heild. Þegar upphaflega var fjallað um myndbandið var fyrirsögnin villandi því hún sagði að söngleikurinn í heild væri klámfenginn en það er einungis þetta eina atriði sem dansar á línunni.

➤ Í þessu tiltekna atriði í sýningunni er ákveðið ráðgjafateymi sem notar kynþokkann til að reyna að tæla stráka og plata þá út í að gera eitthvað sem þeir myndu ekki gera annars.

➤ Einnig talar fólk um að konurnar séu málaðar upp sem úreltar staðalmyndir en það er í raun ádeila í leikritinu því margar persónur eru ákveðnar staðalmyndir sem fólk tengir við árið 2007. Við furðum okkur á því að þessar úreltu staðalmyndir megi ekki eiga heima í leikriti.

**Hvernig persónur leikið þið?**

➤ Ég leik Galileo Figaró, sem er jú tilvitnun í lagið Bohemian Rhapsody. Hann er ítalskur talnasnillingur sem er tveimur árum á undan í skóla og er samkynhneigður.

➤ Ég leik son bankastjórans í leikritinu og ég á að verða eins og faðir minn. Það fylgir því að ég má ekki vera samkynhneigður, sem er eitthvað sem mig langar innst inni en ég þori ekki að viðurkenna. Mig langar í fatahönnun en er neyddur til að fara í bankann.

**Eigið þið eitthvað sameiginlegt með þeim?**

➤ Ég og Galileo erum báðir dökkhærðir og svo erum við báðir mjög einlægir. Ég hefði alla vega haldið að ég sé einlægur.

➤ Já, það segja það allir. Þú ert mjög einlægur.

➤ Takk.

➤ Fyrir utan samkynhneigðina þá eigum við ansi margt sameiginlegt. Hann er yfirleitt hress með vinum sínum og þeir tala sín á milli með sinn eigin orðaforða. Það kemur kannski ekki á óvart að við skulum eiga eitthvað sameiginlegt enda leikritið að einhverju leyti búið til úr spuna leikhópsins.

**Finnst ykkur erfitt að túlka samkynhneigða pílta?**

➤ Nei, í raun og veru ekki. Fyrst reyndar þekktumst við ekki neitt og það var frekar fyndið í byrjun að leika ástmann einhvers sem maður þekkir ekkert.

➤ Það er svo rangt að maður þurfi alltaf að vera svo hommalegur þegar maður leikur homma en ég er því ósammála því þetta eru jú bara ósköp venjulegir menn.

**Þannig að þið eruð ekki með varalit út á kinn?**

➤ Nei, alls ekki. Þetta er ekki svona fíflagangs-samkynhneigð.

➤ Það er svo skritið að það sé alltaf hugmyndin um homma. Auðvitað eru sumir ýktari en aðrir en þeir hommar sem ég þekki eru bara eins og ég og Sigurbjörn.

En þið biðuð í talsverðan tíma með að æfa kossinn, ekki satt?

➤ Það fór dágóður tími í að ræða það hvort við ættum að framkvæma þennan koss.

➤ Við erum í raun ekki ennþá komnir að niðurstöðu.

➤ Fólk fær bara að sjá að hvaða niðurstöðu við komumst þegar það kemur á sýninguna.

**Af hverju á fólk að koma á sýninguna?**

➤ Þetta er öðruvísi sýning. Þetta er ekki hefðbundni We Will Rock You-söngleikurinn þó hann sé vissulega notaður til hljóðsónar. Þessi gerist 2007, rétt fyrir hrun, en ekki í framtíðinni eins og sá upphaflegi. Það er skemmtilegt að það er vitnað í marga atburði sem maður hefur séð gerast og við fjöllum um þá á fyndinn hátt.

➤ Það er líka gaman að vegna þess að leikritið er samið út frá spuna þá sömdum við alla bandarana sjálf og húmorinn í þessu kemur því beint frá okkur. Áhorfendur fá því glænýjan húmor frá okkur beint í æð.

➤ Týpunar eru mjög myndar og leikritið er einfaldlega fyndið og skemmtilegt.

➤ Svo er þetta bara flott heildar-show. Við erum með hljómsveit á sviðinu og dansarnir eru allir þrusufloftir. Söngvararnir eru líka þéttir og leikarnir í fling.

➤ Eintóm gleði.

**Þannig að þetta er ferskur andvari inn í íslenskt leikhúslíf?**

➤ Við hefðum ekki getað orðað það betur sjálfir.



# FRÍ SMÖKKUN Á KFC

SUNDAGÖRÐUM,  
FIM. 7. FEB. KL. 18-21

VIÐ ÞJÓÐUM ÞÉR AÐ KOMA OG SMAKKA  
NÝJA OG GIRNILEGA VÖRU\* - KFC BOOSTER -  
OG SEGJA OKKUR HVAÐ ÞÉR FINNST!



# BOOSTER



BOOSTER ER KJÚKLINGABORGARI MEÐ  
DÖKKU KJÖTI\*\* ÁSAMT SÚRUM  
GÚRKUM, MAJÓNESI OG TÓMATSÓSU.

BOOSTER VERÐUR TIL SÖLU Á ÖLLUM  
STÖÐUM KFC FRÁ OG MEÐ 12. FEBRÚAR.

\*\* ÚRBEINAD SKINNLAUST UPPLÆRT

\* AÐEINS Í SUNDAGÖRÐUM.  
EINN BOOSTER Á MANN Á  
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.



PHOTO: BVA - SIA - 12/2020

svooogott™

WWW.KFC.IS

## Lítur upp til Svölu Björgvins

**Hver er Karin Sveinsdóttir?** Ég er 16 ára stelpa úr Breiðholti sem stundar nám við Menntaskólann við Hamrahlíð og vinnur í fatabúðinni Morrow í Kringlunni. Hef brennandi áhuga á tísku, tónlist og leiklist, er nýbyrjuð að drekka kaffi og veit um fátt betra en að vera í góðra vina hópi. Ég stefni á leiklistarnám erlendis og væri alveg til í að starfa við það ásamt einhverju tísku- og fatatengdu í framtíðinni.

### Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Ég kaupi oftast bara það sem mér finnst fallegt og blanda mikið saman nýjum og vintage-flíkum og finnst fátt skemmtilegra þegar ég kaupi mér flík og vinkonurnar segja að hún sé Karinar-leg. Núna er ég alveg veik fyrir kjólum sem eru opnir í bakið og axlirnar, pelsum, grófum þykkbotna

skóm og fallegum tóskum. Annars skoða ég mikið af tiskubloggum og streetstyle-myndir af bæði strákum og stelpum og fæ þaðan innblástur og að sjálfsgöðu af fólki sem ég umgengst daglega. Ég elska fatamarkaði og second hand-fatabúðir þar sem ég finn mér oftast eitthvað fint á góðu verði sem ég nota mikið.

### Hver er best klædda kona í heimi?

Ég hef ekki enn myndað mér skoðun á því, en persónulega finnst mér stílistinn Rachel Zoe klæða sig flott, svo lít ég líka upp til Svölu Björgvins í fatavali þar sem hún þorir svo miklu og þúllar allt svo vel. Nafna mín hún sænska Karin Bylund er uppáhalds bloggarinn minn og Anna Wintour er alltaf með allt á hreinu þegar kemur að tísku.

### Ert þú að gera eitthvað tísku-tengt í skólanum eða frítíma þínum?

Já, ég er í ráði sem heitir búðarráð í skólanum og þar erum við nokkur saman og sjáum t.d. um að halda tiskusýningu og fatamarkaði. Við erum tvær á fyrsta ári sem fengum að koma og vera með þeim eldri og það er mjög góður andi innan hópsins. Ég hef líka einhvað verið að prófa mig áfram í að sauma sjálf, þó það hafi ekki komið út eins og ég vildi hafa það þá finnst mér það mjög gaman. Stefni á að verða betri í því!

**Ef þú mættir vera hvaða dýr sem er í einn dag, hvaða dýr myndir þú vilja vera?** Væri til í að vera ljón því ég er það í stjörnu-merki.



**HVERSDAGS**

**BOLUR - TOPSHOP**  
**BUXUR - MONKI**  
**SKÓR - VAGABOND**



**UPPÁHALDS**

**PEYSA - ZARA**  
**BUXUR - MORROW**  
**SKÓR - VAGABOND**  
**TEYGJA - AMERICAN APPAREL**



**UPPÁHALDS**

**KJÓLL - ROKK OG RÓSIR**  
**SKYRTA - NOSTALGÍA**  
**PELS - VINTAGE**  
**SKÓR - GS SKÓR**

# Stelast í föt hvor af annarri

**Stíllinn fékk systurnar Irenu og Karin Sveinsdætur í heimsókn þessa vikuna. Þær hafa báðar brennandi áhuga á tísku en eru þó með heldur ólíka stíla. Hér klæða þær sig upp fyrir lesendur.**

### Hafi þið mikinn áhuga á tísku?

Já við höfum báðar mjög gaman af tísku. Við erum líka frekar samtaka í henni og það kemur oftast en ekki fyrir að við mátum sömu flíkurnar í búðum, hvor í sínu lagi og komumst síðan að því nokkrum dögum síðar þegar að við ætlum að segja hinni frá flíkinni.

### Hvar kaupir þið helst fötin ykkar?

Í Vintage-búðum, Morrow, Topshop, Monki, Weekday og H&M svona aðallega.

### Notið þið fötin ykkar saman?

Já við kaupum stundum föt og skó saman. Það er mjög hagstætt að geta skipt kostnaðinum í tvennt því þá getur maður keypt helmingi meira! Við lánum hvor annarri líka mikið en það eru þó sumir hlutir sem við viljum hafa alveg sér.

### Hvor stelur oftast fötum af hinni?

Karin er duglegri í því, oft við lítinn fögnuð hinnar.

### Hvernig eru stílnir ykkar ólíkir?

Irena er kannski aðeins meiri töffari í klæðaburði, en Karin sækist meira í fallegar flíkur.

**Hvaða árstími finnst ykkur skemmtilegastur hvað varðar tísku?** Veturinn, sérstaklega þegar nýju vörurnar koma í búðirnar eftir endalausar sumarútsölur. Þá eru hlutirnir fallegri á litinn og hægt er að blanda saman fleiri lögum af fötum.

**Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnum fyrir veturinn?** Pels, grófa skó, maxipils, stóran trefil, þykkar peysur og flotta húfu.

**Hver hafa verið ykkar verstu tiskumistösk?** Fatavalið á grunn-skólaárunum gekk upp og niður. Fyrir Karin var það frekar hentugt að eiga stóra systur sem hjálpaði henni að klæða sig upp þegar fötin voru ekki alveg að gera sig.

**Hvað er framundan hjá ykkur í vetur?** Karin er að klára sitt fyrsta ár í menntaskóla og Irena sitt síðasta. Annars erum við báðar að vinna með skólanum og svo í sumar er það Hróarskelda hjá Irenu og Köben hjá Karin.



**SPARI**

**KJÓLL - SPÚÚTNIK FATAMARKAÐUR**  
**SKÓR - NELLY.SE**



**SPARI**

**BUXUR - TOPSHOP**  
**BOLUR - SPÚÚTNIK**  
**SKÓR - SIXTYSEVEN/GS**



**ÞESSA FALLEGU KÁPU SAUMAÐI IRENA Í SKÓLANUM**



**ÚT Á LÍFIÐ**

HATTUR - SPÚÚTNIK  
 BOLUR - FATAMARKAÐUR  
 PILS - SPÚÚTNIK  
 SKÓR - NELLY.SE

**ÚT Á LÍFIÐ**

BOLUR - MOSS  
 SKYRTA - VINTAGE  
 BUXUR - TOPSHOP  
 SKÓR - ASOS MARKETPLACE  
 PELS - TOPSHOP

**Afslöppuð og strákaleg**

**Hver er Irena Sveinsdóttir?** 18 ára stelpa úr Breiðholti sem gengur í Fjölbrotaskólann í Garðabæ og hefur gaman af tisku. Mér finnst gaman að skoða mismunandi fatnað og fólk og mun örugglega vinna við eitthvað tiskutengt á komandi árum.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Frekar afslappaður og kannski nokkuð strákalegri en stelpulegur. Ég er heppin að eiga kærasta með tiskuvit svo að ég stel oft bolum og peysum af honum. Mér líður best í stórum bol, þröngum buxum og chunky skóm með hárið í snúð. Ég er rosa lítið fyrir að klæða mig upp í kjóla, pils og þannig klæðnað.

**Hver er best klædda kona í heimi?** Ég hef ekki fundið hana ennþá en mér finnst Trine Kjær sem er með Trines Wardrobe-bloggið mega-fín og skoða hana á hverjum degi. Mér finnst líka Vintage Virgin og Ulrikke Lund vera sætar og fínar.

**Ert þú að gera eitthvað tiskutengt í skólanum eða frítíma þínum?** Já, ég er að læra hönnun í skólanum þannig að ég fæ aðeins að prufa mig áfram í að sauma og að gera verkefni sem tengjast hönnun. Ég er líka að vinna í tveimur fatabúðum, Morrow og Noland. Ég fór nýlega til Berlínar með yfirmönnum mínum á tvær vörumerkjásýningar og það var mögnuð upplifun, ég hef aldrei séð jafn mikið af flottu fólk í einum stað.

**Ef þú mættir vera hvaða dýr sem er í einn dag, hvaða dýr myndir þú vilja vera?** Letidýr af því mér finnst gott að chilli.



**HVERSDAGS**

JAKKI - VINTAGE/URBAN OUTFITTERS  
 BOLUR - NOLAND/KR3W  
 BUXUR - DR. DENIM  
 SKÓR - NIKE FREE RUN 5.0,  
 BUMBAG - FRIIS&COMPANY



**Hipp og kúl**

**Verkefnamiðlun.is** er vefsíða sem var opnuð í síðustu viku. Amar Jónsson, verkefnastjóri hjá Íslenska sjávarklasnum, ræddi um síðuna, hvernig hugmyndin kviknaði og þau tækifæri sem vefsíðan býður upp á.

**Hvað er Verkefnamiðlun?**

Verkefnamiðlun er nýtt framtak Íslenska sjávarklasans sem unnið er í samvinnu við fulltrúa framhalds- og háskóla undir forystu Háskólans á Akureyri með stuðningi frá Íslandsbanka. Um er að ræða vefsíðu sem opnuð var í síðustu viku við góðar undirtektir. Á vefnum geta fyrirtæki auglýst eftir nemendum til að sinna fyrir sig verkefnum af ýmsum toga en nú þegar eru komin inn um 50 verkefni.

**Og hver er tilgangurinn?**

Verkefnamiðlun er vettvangur til að tengja saman nema og fyrirtæki með meira afgerandi hætti en tíðkast hefur. Á verkefnamiðlun.is geta nemendur á framhalds- og háskólastigi nálgast upplýsingar um verkefni sem fyrirtæki úr atvinnulífinu hafa áhuga á að vinna á næstu mánuðum. Fyrirtæki geta sett inn verkefni sem henta vel sem annar- eða lokaverkefni og í sumum tilvikum sumarstörf. Einnig geta nemendur skráð sig og sett inn ferilskrá með LinkedIn-tengingu sem fyrirtæki geta flett í gegnum ef um óopinber verkefni er að ræða.

**Hvernig hafa viðbrögðin verið hingað til?**

Við finnum fyrir því að bæði fyrirtæki og nemendur eru æst í þetta framtak og með þessu móti mun vonandi skapast nýr kúltur á Íslandi sem gerir nemendum kleift að koma öðrum fætinum inn fyrir þröskuld fyrirtækja, vitaskuld báðum aðilum til bóta.

**Hvernig kom þessi hugmynd til?**

Innan Íslenska sjávarklasans er starfandi menntahópur sem vinnur að því að auka áhuga ungs fólks á menntun sem tengist hafinu með einum eða öðrum hætti en töluverð vöntun hefur verið á þjálfuð og menntuðu fólk á tilteknum sviðum klasans. Því kom upp sú hugmynd að gefa nemendum á framhalds- og háskólastigi nasasjón af þessum spennandi verkefnum sem fyrirtæki í haftengdri starfsemi eru að vinna að. Maður hefur það nefnilega á tilfinningunni að nemendum finnst sjávarútvegurinn ekki nógu hipp og kúl. Það þarf því kannski að minna ungt fólk á að það eru ógrýnni tækifæra í haftengdri starfsemi. Öll flóran af spennandi störfum heima og erlendis fyrir vel menntað fólk sem jafnframt er mjög vel launað.

**Er vefurinn þá eingöngu fyrir haftengdar greinar?**

Fyrst um sinn var lagt upp með að Verkefnamiðlun væri tengslavefur fyrir haftengdar greinar en vegna mikils áhuga hefur verið opnað fyrir fleiri atvinnugreinar og sjáum við fyrir okkur að innan skamms verði þetta verkefnamiðill fyrir allar atvinnugreinar.

**Hver er markhópurinn?**

Markhópnum má skipta í tvennt, fyrirtæki og nemendur. Verkefnamiðlun er sniðug lausn fyrir fyrirtæki sem vilja láta vinna fyrir sig hin ýmsu verkefni sem annars sætu á hakanum. Þegar við ræddum við fyrirtækin kom í ljós að þau hafa argrúa af verkefnum til taks.

Þessi verkefni eru tilvalin fyrir nemendur í viðeigandi námi að taka að sér. Þannig má slá tvær flugur í einu höggi en bæði geta nemendur fengið hugmynd að annar- eða lokaverkefni ásamt því að byggja upp mikilvægt tengslanet sem styttr leiðina inn á atvinnumarkaðinn síðar meir. Hjá nágrannaþjóðum tíðkast að bjóða nemum starfsnáám eða ígildi þess. Heilt yfir vantar þessa tengingu milli atvinnulífs og skólafólks hér á landi. Því langar okkur að breyta.

**Hvernig verkefni ertu að tala um?**

Mikil þörf virðist vera á menntuðu og þjálfuðu fólk til að sinna ýmsum verkefnum. Má nefna í því tilviki alls konar rannsóknarvinnu, fullvinnslu afurða, fiskeldi, verk- og tæknifræði, markaðsmál, hönnun, sjávarútvegsfræði, líftækni og flutningamál svo eitthvað sé nefnt. Eftir að við opnuðum síðuna fyrir allar atvinnugreinar má búast við enn meiri fjölbreytileika verkefna á næstu vikum.

# Solla stirða það sem nýttist best og verst

**Unnur Eggerts** hlustaði á Beyoncé til að koma sér í girinn fyrir átökin í Söngvakeppni Sjóvarpsins. Hún ræddi við **Monitor** um flughræðslu, „poke-in“ á Facebook og allt þar á milli.

**S**öng- og dansskvísan Unnur Eggerts heillaði landsmenn upp úr skónum í Söngvakeppni Sjóvarpsins um síðastliðna helgi þar sem flutningur hennar á laginu *Ég syng!* skilaði henni 2. sæti í keppninni. Undanfarnir þrjú ár hefur hún einnig túlkað Solla stirðu úr Latabæ yfir 250 sinnum innan- sem utanlands og stefnir á frekari landvinninga á sviðum leik-, dans- og tónlistar í framtíðinni. Blaðamaður Monitor settist niður með Unni og ræddi við hana um potin á Facebook sem hún fékk eftir Söngvakeppnina, áhuga fullorðinna kvenna í Búlgaríu á Latabæ, flughræðslu og þar fram eftir götunum.

**Texti:** Einar Lövdahl **einar@monitor.is**  
**Myndir:** Styrmir Kári **styrmirkari@mbi.is**

## Hvað segir þú, Unnur? Hugsar þú núna: „Mig langaði hvort eð er ekkert í þetta asnalega Eurovision“?

Alls ekki (hlær). Ég er að fara í árshátíðarferð til Berlínar með vinnunni minni helgina eftir Eurovision þannig að ef ég hefði unnið og þurft að fara út til Malmö, þá hefði ég misst af árshátíðarferðinni svo að ég var kannski ekki jafnsvekt með að hafa misst af farmiðanum í Eurovision eins og ég ætti að vera, eða þannig. Svo er ég líka þá lítill keppnismanneskja að ég samgladdist Eyþóri alveg frá upphafi enda syngur hann þetta svo ógeðslega vel og það að hafa lent í 2. sæti er meira en mig dreymdi um. Ég bjóst ekki einu sinni við að komast í Hörpu.

Síðan er svo fundið að svo komu svo margir til mín og sögðu: „Æ, greyð mitt, það munaði svo litlu að þú færir alla leið,“ en ég hef þá bara svarað: „Ertu ekki að grínast? Ég lenti í 2. sæti, það er geðveikt!“

## Var það að syngja fyrir framan fullan Eldborgarsal í Hörpu og í beinni útsendingu í sjónvarpi mesta áskorunin sem þú hefur tekist á við í þessum bransa hingað til?

EKKI spurning, þetta toppaði allt sem ég hef gert hingað til. Ég hef komið fram fyrir framan stóran hóp af fólki, til dæmis sem Solla stirða í Hljómskálagarðinum eða eitthvað, en það að vera í beinni sjónvarpsútsendingu er allt annað dæmi. Maður felur ekkert mistök sín í sjónvarpi, það sjá þau allir, auk þess sem þau gleymast ekki auðveldlega þar sem fólk getur síðan farið og horft á atriðið mans aftur og aftur.

Daginn fyrir úrslitin í Hörpu var ég að tala við mömmu og þá sagði ég: „Sjitt, það verða örugglega svona 50.000 manns að horfa.“ Þá sagði mamma: „50.000, ertu rugluð? Örugglega svona að minnsta kosti 100.000 manns.“ Það var ekki beint til róa taugarnar (hlær). Ég náði samt sem betur fer að notfæra mér stressfjórildin á jákvæðan hátt, þau gáfu mér bara aukinn kraft.

## Ef Superbowl-atriði Beyoncé hefði farið fram fyrir keppnina, hversu líklegt finnst þér þá að þú hefðir reynt að stela sporum úr hennar atriði til þess að nota í þitt?

Ég held að það sé bara ómögulegt að líkja eftir Beyoncé á nokkurn hátt en hún veitir manni samt mikinn innblástur. Við Tara og Sandra, stelpurnar sem dönsuðu með mér í atriðinu, settum einmitt á lagið *Deja Vu* með Beyoncé áður en við fórum upp á svið og komum okkur þannig í rétta girinn. Við ákváðum að fara upp á svið og gera þetta í hennar anda en hún er náttúrulega alltaf bara annar karakter uppi á sviði. Það hjálpaði alveg til að peppa sig up með þessum hætti.

## Ert þú lærð söng- og danskona?

Ég hef æft dans síðan ég var fimm ára og þá alls konar stíla, í alls konar skólum og ekki bara á Íslandi. Ég

**Þær voru gjörsamlega óðar en ég var með einhverja fimm lífverði sem pössuðu mig eins og lítið lamb, mér hefur aldrei fundist ég vera jafnmerkileg (hlær).**

lærði síðan söng í Tónlistarskóla Garðabæjar og aðeins í einkatímum en svo tók félagslífið í menntaskólanum einhvern veginn yfir allt annað og þá hafði ég ekki lengur tíma fyrir söngnámið. Ég sé samt ótrúlega eftir því í dag að hafa hætt, ég hef ekki verið nógu dugleg við að þjálfá röddina áfram. Dansfingarnar gengu betur upp af því að þær fóru alltaf fram á kvöldin og í dag æfi ég og kenni yngri krökkum dans í World Class. Þetta hafa verið mín aðaláhugamál síðan ég var pínulítill.

## Þú bjóst í Kaliforníu í Bandaríkjunum á þínum yngri árum. Má ekki segja að þar hafi ástríða þín fyrir söngleikjum byrjað?

Jú, það mætti segja það en þar lék ég með áhugamannaleikhúsi sem heitir Children's Musical Theatre sem er fyrir krakka frá 8 ára og upp úr og svo voru sumar sýningar þar sem fullorðnir léku líka með. Þá var ég bara 10 ára að leika á móti sextugum karli, til dæmis þegar ég lék í Fiðlaranum á þakinu. Það var ógeðslega skemmtilegt, þetta var svo metnaðarfullt. Þarna fékk ég svo strangt og agað leikhússuppeldi og ég meina það á jákvæðan hátt. Ég lék alls konar hlutverk á aldrinum átta til tólf ára og mér finnst eins og ég hafi lært meira þar heldur en nokkurs staðar annars staðar.

## Þú bjóst í nokkrum löndum sem lítil stelpa, ekki satt?

Jú, ég bjó í Belgíu, í Barcelona á Spáni og Bandaríkjunum í samtals níu ár þegar pabbi minn var að læra og vinna. Þetta var ótrúlega skemmtilegt, á þessum aldri var maður líka svo fljótur að læra öll þessi tungumál.

Á einum mánuði var ég farin að tala spænsku og katalónsku. Ég var hins vegar svo lítill að ég lærði aldrei að skrifa spænskuna þannig að hún hvarf því miður um leið og ég flutti síðan til Belgíu og byrjaði að tala flæmsku. Svo er flæmska svo hundleiðinlegt tungumál þannig að ég gleymdi henni þegar ég flutti til Bandaríkjanna. Ég er hins vegar góð í enskunni, þó svo að það sé stundum gert grín að „Valley Girl-hreimnum“ mínum hérna heima. Spænskan er síðan fljót að rifjast upp fyrir mér, ég fann það þegar ég var að læra hana í menntaskóla og þegar við fórum í útskriftarferð til Spánar.

## Undanfarnir þrjú ár hefur þú komið fram sem Solla stirða í Latabæ. Hvernig atvikaðist það að þú þú skyldir verða hin bleikhærða Solla?

Mér fannst þetta spennandi tækifæri, enda sá ég til dæmis Latabæjarleikritin á spólu þegar ég var lítill, og mamma mín og vinkonur skorðu á mig að fara í prufurnar. Prufurnar voru mjög myndnar. Það var auglýst eftir stelpum frá 8-28 ára, á þessum tíma var ég 17 ára, og ég mér skilst að 700 stelpur hafi mætt í prufurnar. Þegar maður var sendur inn til dómnefndarinnar fór maður inn í fimm

manna hóp og í mínum hóp var ég bara með 7 ára stelpum. Við áttum síðan að syngja og dansa fyrir dómnefnd en það hafa örugglega allir haldið upphaflega að ég væri mamma einhverrar stelpu sem var að sækja um en ekki umsækjandi sjálf, augnaráðin frá mömmum 7 ára stelpunnar voru þannig (hlær).

## Einhverjir þykjast hafa heyrt og séð einhverja Solla stirðu-takta í laginu „Ég syng!“? Ert þú sammála því?

Já, enda einföld skýring á því. Þegar ég mótaði karakterinn Solla stirðu upphaflega þá sagði leikstjórinn, Gunnir Helga, mér að horfa ekki bara á Latabæjarþættina heldur líka að móta hana eins og ég vildi. Ég hugsaði þá: „Ókei, hún er ung, jákvæð og hress,“ og tók þá eiginleika frá mér og setti í karakterinn. Þá varð Solla stirða náttúrulega svipuð mér, nema bara ýktari, þannig að auðvitað sér fólk einhverja Solla-takta þegar ég kem fram sem ég af því að ég bjó þá til í henni. Á móti kemur að ég hefði aldrei getað komið fram í Hörpu og liðið jafnvel með það ef ég hefði ekki þjálfast svona mikið í þessu á undanföllum árum, til dæmis í hlutverki Solla stirðu. Solla-hlutverkið var sem sagt eiginlega það sem kom sér best og verst fyrir mig í þessari keppni.

## Segðu mér frá því þegar þú varst beðin um að mæta í Turninn í Kópavogi.

Við Dýri (Kristjánsson) erum búin að vera að skemmta mjög mikið sem Íþróttálfurinn og Solla og sá sem heldur utan um bókanirnar okkar hjá Latabæ heitir Einar Karl. Samskiptin okkar á milli eru það mikil að það er langt síðan fyrirkomulagið varð þannig að það er nóg fyrir Einar að senda bara SMS eða tölvupóst með staðsetningu og tímasetningu og þá eigum við bara að mæta þangað og skemmta. Dag einn fékk ég síðan póst: „Turninn kl. 12,“ þannig að ég mætti að sjálfsgöðu bara í Sollubúningnum í Turninn. Ég lagði bílnum mínum fyrir utan og hringdi í Dýra: „Hæ, hvar ertu? Ætlum við ekkert að hittast fyrir?“ Þá leggur hann einmitt bílnum sínum á móti mér en það vill svo skemmtilega til að hann er bara klæddur í jakkaföt en ekki í búningi og ég sá á svipnum hans að hann hugsaði bara: „Ertu fáviti?“ Þá hafði Einar Karl sem sagt bara ætlað að bjóða okkur í hádegismat (hlær). Sem betur fer fór ég ekki lengra í búningnum, ég var með aukaföt í bílnum, en Dýri er svo mikið kvikindi að hann hefur sagt mér að ef hann hefði verið mættur upp í Turninn þegar ég hringdi, þá hefði hann bara látið mig mæta inn í búningnum.

## Þú hefur ferðast um gjörvallt landið í búningi Solla stirðu. Af hverju vildi strákurinn á Saudárkróki ekki fara í splitt?

Á svona barnaskemmtunum, eins og þessari á Saudárkróki, erum við alltaf dugleg að teygja með krökkunum. Við Dýri fórum í splitt og hvöttum síðan krakkana til að prófa með okkur. Við töldum niður frá þremur og allir krakkarnir fóru með okkur í splitt en síðan stendur einn svona fimm ára strákur upp og kallar yfir allan salinn: „Nei, sko, Latibær! Ég get ekkert farið í splitt af því að þá meiddi ég mig svo mikið í typpinu!“ Ég þurfti að beita allri minni orku til að fara ekki í hláturskast en

## UNNUR Á 30 SEKÚNDUM

**Fyrstu sex:** 040792.

**Heimsins besta nammi:** Dracula-brjóstsykur.

**Uppáhaldsostur:** Ég hef aldrei borðað ost, mér finnst hann ógeðslegur.

**Það myndasta sem ég hef séð á netinu:** Myndbandið með svanga hundinum, Ultimate Dog Tease.

**Æskuátrún- aðargóð:** Britney Spears og Birgitta Haukdal, B-in tvö.

**Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun:** Skemmtilega vinnan mín á Jónsson & Le'macks.

**Það sem veldur mér helst hugarangi þessa stundina:** Það að ég fái ekki nægan svefn.





## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heim-sótti fyrir utan landsteinana:** Ég fór til Kenía og Zanzibar í Tansaníu um jólin með fjölskyldunni minni.



**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Tapashúsið, ég fór þangað eftir Söngva-keppnina á laugardagskvöldið síðastliðið.



**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Ég keypti mér skóna sem ég keppti í á laugardaginn. Upphaflega fékk ég þá lánaða en svo fannst mér þeir bara svo flottir að ég ákvað að kaupa þá.



**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég horfi sjaldan á bíómyndir en það var Cloud Atlas, hún var mjög góð.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Við mömmu mína núna fyrr í dag.



Dýri reddaði þessu vel fyrir okkar hönd með því að svara bara: „Já, við verðum að passa okkur að meiða okkur ekki,“ og við náðum sem betur fer að halda okkar striki.

#### Þú hefur líka komið til Asíu og annarra Evrópulanda sem Solla stírða, meðal annars í einhverja klikkun í Búlgaríu.

Já, við fórum til Sofía í Búlgaríu þar sem verið var að opna nýja verslunarmiðstöð. Það var búist við kannski svona 1.000 manns enda áttum við bara að koma fram á einhverju pínulitlu sviði. Svo þegar við vorum að hafa okkur til þá kom allt í einu einhver gæi inn og sagði okkur að það væri bara komið hálfgerð neyðarástand vegna mannfjölda. Við fórum síðan inn á svið og þetta var algjör klikkun. Við sáum meira að segja tvær fullorðnar konur sem bókstaflega hrintu hvor annarri til að komast sem næst sviðinu. Þær voru gjörsamlega óðar en ég var með fimm lífverði sem pössuðu mig eins og lítið lamb, mér hefur aldrei fundist ég vera jafnmerkileg (hlær). Þegar við komum af sviðinu sagði ég: „Vá, þetta voru örugglega svona 5-6.000 manns,“ en þá fékk ég svarið um að þarna hefðu verið 20.000 manns.

#### Þú hefur staðið í þessu flakki um landið og heiminn þrátt fyrir mikla flughræðslu.

Ég hef verið flughrædd allt mitt líf en að fljúga er bara hluti af þessu öllu. Ef maður veit að það eru 200 krakkar að bíða eftir Latabæjarskemmtun á Akureyri, þá sleppir maður því ekkert bara af því að manni finnst óþægilegt að fljúga. Við höfum líka flogið í litlum rellum um bara fjögur saman og eins og þú getur ímyndað þér finnst mér það ekkert þægilegra. Við lentum meira að segja einu sinni í því að rellunni hlekkist á í flugtaki vegna hliðarvinds þannig að við brotlentum úr svona 10 metra hæð. Það slasaðist enginn alvarlega en þetta var ekki beint til að hjálpa til við flughræðsluna.

#### Gæfan hefur ekki beint verið með þér í öðrum farar-tækjum eins og bílum heldur, er það nokkuð?

Nú ert þú væntanlega að vísa til fyrsta ársins míns með bílpróf. Ég lenti þrisvar sinnum í því að keyra á þegar ég var nýkomin með bílpróf, sem ég er ekkert sérstaklega stolt af (hlær). Þetta voru sem

betur fer ekkert alvarlegir árekstrar heldur bara frekar heimskulegur akstur hjá mér. Fyrsta atvikið var þannig að ég var að keyra á móti umferð á einstefnugötu og það var bakkað á mig. Ég var alveg brjáluð og skildi ekkert hvað hinn bílstjórinn var að pæla þangað til að hann benti mér á að ég væri að keyra á móti umferð. Ég held að ég hafi aldrei skammast mín jafnmikið á ævinni, ég hringdi strax hágrátandi í pabba (hlær). Svo keyrði ég aftan á annan bíl á hringtorgi af því að mér fannst umferðin ganga of hægt. Þriðja óhappið var síðan bara klassískt, ég bakkaði á staur. Ég tek þó fram að ég hlusta ekki á svona bull um að stelpur séu eitthvað verri bílstjórar, þetta var bara ég. Ég er hins vegar fylgjandi hækkun bílprófsaldursins ef fólk er eins og ég (hlær).

#### Þú útskrifaðist úr Verzló síðastiðid þor þar sem þú tókst þátt í söngleik nemendafélagsins öll fjögur árin þín. Á dögunum sendir þú síðan frá þér Stolin augnablik, þitt fyrsta lag undir eigin nafni, með tónlistarmyndbandi og öllu tilheyrandi. Var það bara rökrétt framhald að búa til sín eigin verkefni í þeim efnum eftir að hafa kvatt söngleikina í Verzló?

Já, eiginlega. Það hljómar ótrúlega sorglega en þegar ég kláraði skólann fann ég alveg strax hvað ég saknaði hans mikið, það var í alvöru bara tómarúm í hjarta mínu (hlær). Ég hugsaði að það eina sem gæti uppfyllt það væru einhver svona skemmtileg verkefni en á sama tíma vissi ég að ég yrði að búa til mín eigin verkefni. Ég leitaði samt í raun bara til Verzlófólks, strákarnir í StopWaitGo sömdu lagið og vinir mínir sem útskrifuðust með mér bjuggu til myndbandið.

#### Er þetta upphafið að einhverju stærra samstarfi hjá þér og StopWaitGo?

Það á eftir að koma í ljós, það veltur eiginlega bara á því hvernig fólk tekur í þetta. Við tókum upp þrjú lög saman áður en strákarnir fóru út til Bandaríkjanna. Ég er bara búin að leyfa vinum mínum að hlusta á hin lögini og ég hef fengið jákvæð viðbrögð frá þeim en svo veit maður ekki hvernig viðbrögð verða þegar svona er gefið út. Það er náttúrulega bara æðislegt ef fólk finnur

einhvern samnefnara með þessu og fílar þetta, þá langar mig að gefa út meira efni. Ef ekki, þá á ég þetta bara fyrir sjálfa mig.

#### Í myndbandinu við lagið leikur þú á móti strák sem er í hlutverki kærasta þíns. Er eitthvað til í því að hann sé kærastinn þinn í alvörlífinu einnig? Att þú kærasta?

Nei, þetta er bara Rúnar vinur minn, við vorum saman í Jafningjafræðslunni fyrir þremur árum og nei, ég á ekki kærasta. Ég þarf að fara að sortera þessi „poke“ á Facebook sem ég fékk um síðastliðna helgi (hlær). Það kemur pottþétt eitthvað frábært út úr því, ég efast ekki um að þarna séu mikil mannsefni á ferð.

#### Þú ert með fullt af „poke-um“ á Facebook, ert að eigin sögn í skemmtilegu starfi ásamt því að syngja og dansa á fullu, sem eru þín aðaláhugamál. Hefur þú eitthvað í hyggju að brjóta þetta upp og fara í háskólanám í náinni framtíð?

Draumurinn er að fara í eitthvert leiklistamám sem býður líka upp á einhverja söng- og dansáfanga, eins og er mjög algengt í útlöndum. Ég væri ótrúlega til í að skipta um umhverfi og læra í kannski fjögur ár í einhverjum skóla þar sem ég myndi umgangast fólk sem deilir áhugamálum með mér. Ég hef átt nokkra draumaskóla en það er alltaf að breytast.

## KVIKMYNDIR

**Myndin sem ég get horft á aftur og aftur:** Mean Girls.

**Myndin sem ég felli tár yfir:** Ég græt alltaf yfir ákveðnu atriði í 13 Going on 30.

**Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir:** Anchorman. **Uppáhaldsmyndin mín í æsku:** Pocahontas.

**Versta mynd sem ég hef séð:** Hún heitir Quarantine, ég var virkilega reið yfir því að hafa eytt tíma í hana þegar hún kláraðist.

## TÓNLIST

**Lagið í upphaldi þessa stundina:** Það er alltaf Til þín með Hjálmum, fallegasta lag í heimi.

**Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina:** Allt með Beyoncé.

**Lagið sem ég fíla í laumi:** Allt með Taylor Swift.

**Nostalgiulagið:** Bye Bye Bye með N'Sync rýkur með mig til fortíðar.

**Lagið sem ég syng í karóki:** Climax með Usher.

## FORM OG FÆÐI

**Uppáhaldsmatur:** Kjöttbollurnar sem amma Munda gerir.

**Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á:** Spínatbúst.

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Krókódíllakjöt.

**Líkamsræktin mín:** Ég dansa fjórum sinnum í viku í World Class.

**Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum:**





# Hjálpíð okkur að vernda heimkynni þeirra



Kynntu þér málið hér

[www.arctichome.is](http://www.arctichome.is)

© 1986 Panda symbol and ® "WWF" Registered Trademark of WWF - World Wide Fund For Nature (formerly World Wildlife Fund)

"Coca-Cola", the "Coca-Cola" contour bottle, the red disc icon, "Arctic Home" and the "Coca-Cola" polar bears are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2013 The Coca-Cola Company.

	STUÐNINGUR VIÐ WWF TIL HJÁLPAR VIÐ VERNDUN NORÐURSKAUTSINS, HEIMKYNNA ÍSBJARNARINS	
---	---	---

# Hæfileikaríki eyðsluseggurinn

**Scott Storch** eru vissulega ansi fær á hljómborðinu og tónsmíð virðist honum ákaflega auðveld. Hann hefur samið þá marga smellina í tónlistarheiminum en hefði betur látið kókið vera.

Fyrir tveimur vikum fjölluðum við um ofurpróducentinn sænska Max Martin. Í þessari viku ætlum við að halda áfram að fjalla um mennina á bakvið tjöldin, þá sem semja alla þessa hittara. Að þessu sinni er það Scott Spencer Storch eða Scott Storch sem fær að prýða síður Monitors.

Scott Storch er fæddur í Kanada árið 1973, svo ef hann lifir árið af mun hann fagna fertugsafmæli sínu í desember. Hann eyddi fyrstu árunum í New York þar sem hann ólst upp með móður sinni meðan faðir hans var í Miami að undirbúa næsta gjaldþrot. Scott er upphaflega píanóleikari en mamma hans sendi hann í píanótíma 8 ára gamlan eftir að hann hafði slasast vægast sagt mjög lítillega á fótboltaæfingu. Henni þótti íþróttirnar of hættulegt áhugamál fyrir strákinn sinn. Líklegast ekki slæm niðurstaða þar sem píanónámið átti eftir að margborga sig.



THE ROOTS

12 ára gamall var hann farinn að hafa atvinnu af píanóleik og varð því ekki að vera í skóla. Árangurinn hélt í hendur við áhugann og eftir að hafa fallið í 9. bekk hætti hann. Í kjölfar þess var hann rekinn að heiman og flutti til föður síns í Miami. Þar spilaði hann á hinum ýmsu stöðum auk þess að vinna í stúdíóum við og við. Þegar hann var orðinn 18 ára og fluttur ásamt þeim gamla til Filadelfíu hafði honum tekist að búa til barn með kærustu sinni til tveggja ára. Í stað þess að huga að nýfæddum syni sínum stakk hann af og gekk til liðs við hip hop-sveitina **The Roots** sem hljómborðsleikari. Það sem hefur aðgreint The Roots frá öðrum rappsveitum er að þeir eru hljómsveit í þeim skilningi að í henni er fullt af hljóðfæraleikurum.

Þetta var árið 1991 og hófst ferillinn frekar rólega hjá honum. The Roots áttu á næstu árum ágætis vinsældum að fagna svo það var nóg að gera í því. Nokkrum árum seinna fann umboðsmaðurinn Derek Jackson hann og gerðist umboðsmaður hans allt til ársins 2008. Derek fór að beina honum í þá átt að fara að vinna meira upp á sínar eigin spýtur.



DR. DRE

Það var síðan árið 1998 sem hlutirnir fóru að breytast hjá hr. Storch. Símtal frá sjálfum **Dr. Dre** sem var að vinna að plötu sinni 2001 sneri ferli hans í aðra átt. Það fyrsta sem Scott gerði sem nýráðinn hljómborðsleikari Doktorsins var að semja píanólíuna í laginu Still D.R.E. Eitt og sér ætti það að nægja til þess að menn geti bara pakkað saman, farið heim og dáið sáttir.

Scott vann upp frá þessu allt til þess að þeir kláruðu plötuna og þeir sem þekkingu eithvað til rappsögunnar vita að þarna er einhver mesta klassík allra tíma á ferð. Dr. Dre hafði vit á því að senda þennan mikla píanósnilling ekki strax heim og unnu þeir saman að góðum slatta af efni upp frá þessu.



BUSTA RHYMES



NAS

Fyrir utan það að geta lært af Dr. Dre opnuðust ótal dyr fyrir Scott með samstarfinu. Ári seinna var hann farinn að vinna einn með mönnum á borð við **Snoop Dogg**, **Busta Rhymes** og **Nas**. Þeir Dre héldu samt sem áður áfram að vinna saman og gerðu allt til ársins 2005.

Árið 2003 var komið að útskrift úr skóla Dr. Dre. Scott hafði árinu áður unnið aðeins með **Timbaland** að laginu Cry Me a River á fyrstu plötu **Justins Timberlake** og eftir þann aukakúrs varð ekki aftur snúið. Hann byrjaði á því að prodúsa lögin Baby Boy, Naughty Girl og Me, Myself & I á fyrstu plötu **Beyonce**. Að laginu Crazy in Love undanskildu voru þetta langstærstu lög plötunnar. Hann prodúsaði **G-unit**-klassikina Poppin' Them Thangs ásamt lærimeistara Dr. Dre ásamt því að gera lög fyrir Britney Spears. Annað samstarf þetta árið átti eftir að kosta hann mikið því í kjölfar þess að hafa unnið með rappdívunni **Lil' Kim** tóku þau saman. Það samband varð dýrt því hann rúkaði hana ekkert fyrir vinnu sína auk þess sem hann keypti handa henni bíl á 30 milljónir króna. Kom kannski ekki að sök þar sem hann var farinn að rúka 12 milljónir á lagið og var að selja svona 80 lög á ári auk fjölda annara innkomu-tækifæra.

Árið 2004 fór ungur drengur í Filadelfíu að spyrja móður sína hverra manna hann væri, hver væri faðir hans. Ákvað hún að reyna hafa upp á föðurnum sem hún hafði ekki hitt síðan stuttu fyrir fæðinguna. Hún réð einka-spæjara í málið og komst þá að því að barnsfaðir hennar væri orðinn múltimilljónir. Hann hitti þá son sinn í fyrsta skipti og bauðst til að sjá um þau mæðginin á þann hátt sem hann gæti. Meðlagsgreiðslur létu þó á sér standa næstu árin.

2005 var ár hans stærstu sigra og stærstu mistaka. Það þarf bók til að gera öllum lögum hans skil sem hann framreiddi á þessu ári. Ef það var rapp eða RnB-lag í útvarpinu þá voru allar líkur á því að Scott Storch væri maðurinn á bakvið það. En það var einnig árið 2005 sem vinur hans bauð honum kókaín, það þótti Scottaranum heldur betur góð hugmynd, það góð hugmynd að frá og með þessu sama partíi hóf hann að eyða svona um það bil milljón á viku í þennan nýja besta vin sinn.



BEYONCE



PARIS HILTON

En tónlistin hans fór líka í ruglið, ári seinna var hann farinn að vinna tónlist með **Paris Hilton** sem hann reyndar deitaði um stund. Kostnaðurinn við það samband hljóp á svona 300 milljónum þar sem hann gaf henni vinnu sína, keypti handa henni **Maybach**-glæsikerru og leigði undir hana einkaþotur hvert sem hún vildi. Og það er ekki eins og Paris Hilton hafi eitthvað þurft þessa peninga. Samband þetta stóð þó stutt, enda Paris Hilton kannski lítið konuefni.



Til að bæta gráu ofan á svart vann þessi stærsti upp-tökustjóri þessa tíma með MC Hammer að kombakk-plötu. Plötu sem var það lítið kombakk að þið voruð líklegast fyrst að heyra um hana núna, 7 árum seinna. Einnig fannst honum sniðug hugmynd að gefa **Brooke Hogan**, dóttur Hulks Hogans, plötusamning hjá sínu eigin plötufyrirtæki, Storchmusic.



BROOKE HOGAN

Sú plata seldist í 3.000 eintökum fyrstu vikuna en með tíð og tíma skreið salan eithvað áfram. Scott sagði reyndar í viðtali seinna meir að hann hefði aldrei gert þessa plötu hefði það ekki verið fyrir kókið og þrýsting Hulks Hogans að gera þetta. Spurning hvaða þrýstingur það hafi verið.

Hann var ekkert alveg í ruglinu þetta árið. Einhver prósent af tónlist hans frá þessum tíma á ennþá fullt erindi í dag.

En á kóki með katalóg af lögum metinn á 10 milljarða ákvað okkar maður að fara að versla. Það þurfa allir þak yfir höfuðið svo hann neyddist til að kaupa sér 1.900 fermetra villu



SCOTT STORCH



TIMBALAND



JUSTIN TIMBERLAKE



LIL KIM



G-UNIT

á Miami. Borgaði ekki nema 1,3 milljarða fyrir hana enda með sundlaug. Ekki mátti bílskúrin standa auður svo það þurfti að sjálfsögðu allt uppundir 20 bíla þar og við erum ekki að tala um einhverja Yarisu. Dýrasti bíllinn var **Bugatti** metinn á yfir 200 milljónir, þó svo flestir þeirra hafi kostað frá 10 millum upp í 60. Oft eyddi hann deginum með því að taka einn af þessum 60 milljón króna bílum, keyra í mollið og eyða öðrum eins pening þar.



Djammið tók einnig breytingum. Þegar skemmtistöðum á Miami var lokað þá var ekki haldið heim heldur út á flugvöll þar sem einkapota var tekin á leigu. Flugíð beinustu leið til Las Vegas og veislunni haldið gangandi í svona þrjá daga í viðbót. Oftar en ekki keypti hann kannski eins og einn Lamborghini þrátt fyrir að vera í hundraða kílómetra fjarlægð frá heimili sínu.

Í fyrsta sinn á ævi sinni fór Scott Storch í frí. Um mitt sumarið 2006, nokkrum mánuðum eftir að hafa eignast sitt annað barn, fór hann til Suður-Frakklands. Við heimkomuna sá umboðsmaður hans, Derek Jackson, að hann væri algjörlega búinn að missa það. Nú var hann það illa haldinn af fíkn að villa hans var farin að líta út eins og dýragarður.

Árið 2007 leið og hittarnir voru hættilir að berast úr glæsivillu Storch í Miami. Hann hafði eytt peningum eins og hann framleiddi einn hittara á viku en núna voru peningarnir hættilir að flæða inn. Umboðsmaðurinn Derek Jackson sem hafði fylgt honum í meira en 10 ár lét sig hverfa og í stað hans fylltist húsið af fólki sem var tilbúið að hjálpa Scott að eyða þeim peningum sem eftir voru. Til að halda partyinu gangandi

seldi hann meðal annars snekkjuna sína á eBay fyrir 600.000 dala, sem hann hafði 2 árum fyrr borgað yfir 20 milljónir fyrir.

Eftir að hafa flúið kröfuhafa í nokkur ár og sogið það sem eftir var af auðæfunum upp í nefið skellti okkar maður sér í meðferð vorið 2009. Nokkrum vikum seinna lýsti hann sig gjaldþrota. Á þremur árum höfðu eignir hans farið frá því að vera metnar á tíu milljarða yfir í að vera neikvæðar um 6 milljónir.

*“Það voru ekki fíkniefnin sem höfðu áhrif á líf mitt heldur slæmar ákvarðanir. Fullt af virkilega heimskulegum ákvörðunum sem neyddu mig til þess að breyta um lífsstíl. Ég átti alltaf 15-20 bíla á hvaða tímapunkti sem var. Það er ekki gáfulegt. Ég hefði alveg lifað af með 3-4 bíla og ég þurfti ekki 240 milljóna snekkju.”*  
- **Scott Storch, gjaldþrota.**

Gistandi á sófum hér og þar hóf hann að reyna aftur það sem honum hafði misheppnast með MC Hammer, að koma með kombakk. Enginn vildi vinna með honum svo allt í einu var þessi fyrrum stjarna farinn að nuða í mönnum um að fá að vinna með þeim, sömu

mönnum og hann nennti ekki að tala við nema fá vel borgað fyrir.

Það gekk bara erfiðlega fyrir hann að vinna aftur eftir meðferðina. Eftir að hann hafði vanið sig á að vinna dögum saman í vímu var dagleg rúttina löngu horfinn. Hann virtist þó finna taktinn þegar hans gamli félagi Dr. Dre flaug honum til LA til vinnu. Eftir það komu lög eins og Shutterbug með Big Boi sem náði tölverðum vinsældum 2010. Ári seinna náði lagið Boom með Snoop, fyrrum Dogg, nú Lion, einnig þónokkrum vinsældum.

Í dag virðist líf hans vera komið í sama farið. Hann er kominn á Ferrari, var handtekinn með kókaín og hefur verið kærður fyrir að borga ekki meðlag. Eitthvað sem hann hefur aldrei gert sama hvað hann býr yfir miklum auðæfum. Hann stofnaði nýverið sitt eigið framleiðslufyrirtæki og mun vonandi ná sér upp úr ruglinu. En þangað til er gott að enda þetta á heilræði frá sjálfum Scott Storch.

*“Einkapotur eru ekki hagkvæmur ferðakostur. Þær kosta 30 milljónir ... aðra leið.”*



SNOOPDOG

# Öskudagsfjör í Hokus Pokus!!

Skoðið okkar frábæra úrval á [hokuspokus.is](http://hokuspokus.is) vefverslun

Öskudagurinn er miðvikud. 13. febrúar!

## HOKUS POKUS

Við erum á Laugavegi 69, 101 Rvk  
Skoðið úrvalið okkar á [hokuspokus.is](http://hokuspokus.is)  
Sendum um allt land, gerið pantanir í síma 551-7955 eða [panta@hokuspokus.is](mailto:panta@hokuspokus.is)

„You stay classy, San Diego.“  
Anchorman: The Legend of Ron Burgundy (2004).



KVIKMYND

## Löggu- og bófa-leikur

Gangster Squad er klassísk löggu- og bófa-hasarmynd byggð á sönnunum atburðum. Í leikstjórastólnum situr hinn lítt þekkti Ruben Fleischer og smalaði hann saman flottum hópi leikara. Nokkrir þeirra hafa verið tilnefndir til Óskarsverðlauna á ferlinum og hefur Sean Penn tvisvar tekið styttuna heim. Á móti Penn í aðalhlutverki er Josh Brolin en Ryan Gosling og Emma Stone sjá um kynþokkann í aukahlutverkum.

Söguvið myndarinnar er Los Angeles árið 1949 þar sem glæponinn Mickey Cohen (Sean Penn) hefur sölsað undir sig alla glæpastarfsemi borgarinnar og er svo gott sem ósnertanlegur. Lögreglustjórinn hefur fengið sig fullsaddan af honum og snýr sér til John O'Mara (Josh Brolin), sem er heiðarlegur lögreglumaður og fyrrum stríðshetja. Hann gefur O'Mara leyfi til að setja saman teymi lögreglumanna og fara sínar eigin leiðir til að vinna gegn starfsemi Cohens og hrekja hann fyrir fullt og allt úr borginni.

Fleischer tekst nokkuð vel upp að sýna fram á þann tíðaranda sem átti sér stað um miðja 20. öldina. Persónusköpun er framúrskarandi og er góð blanda af mismunandi karakterum, myndinni tekst einkar vel að láta mann halda með góðu gæjunum og semí-hata vondu karlana. Myndin byrjar af krafti og hún heldur tempói allan tímann og climaxar svo á hárréttum tíma. Mér fannst leikstjórinn reyndar grafa undan myndinni og söguþræðinum með lélegum "one-linerum" inná milli sem misstu algjörlega marks.

Sean Penn fer á kostum sem skúrurinn og er virkilega síðblindur í túlkun sinni og oft og tíðum virkilega ógnvekjandi. Josh Brolin er grjótharður sem góði gæinn og það er ekki annað hægt en að halda með honum. Ryan Gosling er flottur sem hægri hönd Brolins, töffari en mjúkur í senn. Emma Stone stendur sig ágætlega sem skvísan í myndinni og Nick Nolte tekur Whiskey-röddina á nýtt level.

Heilt yfir er Gangster Squad fínasta spennu-mynd, sem hefði verið frábær ef leikstjórinn hefði haldið sig á alvarlegu nótnum á ákveðnum stöðum. En spennan og hasarinn er til staðar allan tímann. Myndin stendur vel fyrir sínu, en hefði getað verið frábær.

**GANGSTER SQUAD** **IVAR ORRI ARONSSON**

MMMMMM



## Hansel & Grete: Witch Hunters

Fimmtán ár eru liðin frá því að Hans (Renner) og Gréta (Arterton) voru fangar nornarinnar í piparkökuhúsinu. Nú eru þau orðin sérfræðingar í nornaveiðum og eru víða þekkt fyrir hæfileika sína að elta uppi nornir og útrýma þeim. Bæjarstjóri þorpsins Augsburg ræður þau til þess að hafa uppi á vondri seiðkonu (Janssen) sem hefur rænt



börnum þorpsbúa og ætlar að fórna þeim á nornasamkomu eftir tvo daga. Til að gera illt verra hefur fógeti bæjarins (Stormare) tekið völdin í Augsburg og stendur fyrir sínum eigin nornaveiðum, og hann gerir engan greinarmun á milli þeirra sem eru nornir eða ekki.

**Leikstjóri:** Tommy Wirkola.  
**Aðalhlutverk:** Jeremy Renner, Gemma Arterton og Peter Stormare.  
**Lengd:** 88 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 14 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

## Zero Dark Thirty

Eftir hryðjuverkaárásina á tvíburaturunana í New York 11. september árið 2001 hófst víðtæk leit að Osama bin-Laden, leiðtoga al-Qaeda-hryðjuverkasamtakanna. ZERO DARK THIRTY segir frá leiðangri sérsvaita Bandaríkjahers til þess að hafa hendur í hári bin-Ladens, sem náði hámarki þegar sérsvaitimar handsömuðu og drápu hann í árás á afgirta húsaþyrpingu í Pakistan 6. maí árið 2011. Myndin er tilnefnd til 5 óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta myndin og með bestu leikkonu í aðalhlutverki. Jessica Chastain fékk Golden Globe-verðlaun fyrir leik sinn í myndinni.

**Leikstjóri:** Kathryn Bigelow.  
**Aðalhlutverk:** Jessica Chastain, Joel Edgerton og Chris Pratt.  
**Lengd:** 157 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Laugarásbíó, Smára-bíó og Borgarbíó Akureyri.



## Vertu flottust í GS skóm



Mjus 32.995 kr



Mjus 32.995 kr



Bullboxer 18.995 kr.



Sixty Seven 24.995 kr.



Bullboxer 18.995 kr.



Mjus 32.995 kr

Kringlan s. 512 1760 | Smáralind s. 512 7700 | ntc.is | erum á facebook

gs skór



FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR



**TYGGÐU EXTRA**  
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuefnis í tyggigúmmii

# EVE DUST 514

# ÖRRUSTRATA

## HARPA, 8.-9. FEBRÚAR

Í TILFNI AF UTMESSUNNI BYÐUR CCP TIL **DUST 514** ÖRRUSTRU Í NORÐURLJÓSSAL HÖRPU.

PRUFABU **DUST 514** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ PLAYSTATION®3 Í BOÐI CCP OG SENDU.

// FÖSTUDAGINN 8. FEBRÚAR KL 10:00 - 18:00 // LAUGARDAGINN 9. FEBRÚAR KL 10:00 - 16:00

**ALLIR VELKOMNIR - FRÍR AÐGANGUR\***

